

**VINNSLA GRUNNVATNS FYRIR
VATNSÁTÖPPUNARVERKSMIÐJU AÐ HLÍÐARENDA Í
SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að vinnsla grunnvatns vegna vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingar- og framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en byggingar- og framkvæmdaleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 og samþykkt deiliskipulag. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Skipulagsstofnun vill einkum í þessu sambandi leggja áherslu á að tryggja þarf rennsli í læknum frá lindunum við Hlíðarenda þannig að aðrir notendur geti nýtt sér vatn úr læknum.

3. maí 2007

INNGANGUR

Þann 23. febrúar 2007 tilkynnti Almenna verkfræðistofan fyrir hönd Icelandic Water holding ehf. vinnslu grunnvatns fyrir vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 13. mars 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 23. mars 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 19. mars 2007 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 21. mars og 24. apríl 2007. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 29. mars, 17. og 23. apríl 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er fyrirhugað að reisa allt að 10.000 m² verksmiðjuhús á einni eða fleiri hæðum með vélabúnaði til átöppunar vatns. Fram kemur að stefnt sé að því að árleg átöppun fersks vatns til útflutnings og sölu á erlendum markaði verði komið í allt að 250.000 m³ árið 2012, sem samsvari að jafnaði um 8 l/s. Fram kemur að vatnsból við Hlíðarenda séu nokkrar lindir í hlíðinni sem eigi upptök sín á sprungu sem liggja meðfram fjallshlíðinni og sé heildarrennsli frá lindunum allt að 100 l/s. Lindalækirnir sameinast allir í einni tjörn og renni lækur frá henni tæplega 2 km til norðausturs þar til lækurinn hverfi í hraunið. Fram kemur að ráðgert sé að virkja nyrstu lindina, en þar streymi fram 30-40 l/s, með því að bora grunnar (<200 m) holur á ská í hlíðarfótinn. Yfir vinnsluholur verði síðan reist smáhýsi þaðan sem vatni verði dælt til verksmiðjunnar.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að komi upp vandræði við að beita borun muni lindin verða virkjuð beint. Í ráði sé að taka 10-20 l/s vatns úr lindinni og muni rennsli í læknum minnka að sama skapi. Til að bæta fyrir minnkandi vatnsrennsli úr læknum frá lindunum við Hlíðarenda megi vinna vatn úr hrauninu innan verksmiðjusvæðisins og dæla því í lækinn. Þar með verði fullnægt þeim skilyrðum sem fram komi í 33. gr. vatnalaga nr. 15/1923 þess efnis að með framkvæmdinni verði enginn sviptur vatni því sem um hans land fellur.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að framleiðsluvörur verði að langstærstum hluta fluttar með flutningabílum til útskipunar í Þorlákshöfn. Fram kemur að meðfram flutningaleiðinni séu 2 bæir í byggð auk sumargistingar í Hlíðardalsskóla. Miðað við fyrirhugaða ársframleiðslu megi gera ráð fyrir um 250 ferðum flutningabifreiða vikulega.

Áhrif á núverandi landnotkun-vatnsvernd. Fram kemur að eftir að búskapur lagðist af að Hlíðarenda hafi landsvæðið, sem ætlað sé undir starfsemina, verið nýtt sem beitiland. Með breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 sé um 40 ha af opnu svæði til sérstakra nota og landbúnaðarsvæði breytt í iðnaðarsvæði. Auk þess feli breyting á skipulagi í sér að afmörkun verndarsvæðis vegna neysluvatns breytist miðað við núverandi aðstæður. Þannig verði vatnsvernd á um 100 ha svæði ofan þjóðveggar, m.a. á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði, aflétt en gert ráð fyrir nýju brunnsvæði vatnsverndar á um 10 ha svæði í hlíðinni fyrir ofan bæinn á Hlíðarenda.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Fram kemur að nokkur sjónræn áhrif verði af verksmiðjubyggingunni. Svæðið sem ætlað sé undir verksmiðjunna sé sandorpið helluhraun og verði hægt að byggja hana á malarpúða ofan á hrauninu þannig að það raskist ekki.

Áhrif á gróður. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé þurrlegt og hvergi rennandi vatn á yfirborði, fyrir utan lækinn frá lindunum við Hlíðarenda. Gróður taki mið af þessu, þurrlendir móar með rofabörðum uppi á fjallinu en á láglandinu er sandorpið helluhraun með rýrum gróðri í lögðum auk ónýttu túna við Hlíðarenda.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að á Hlíðarenda standi íbúðarhús byggt 1914 og samkvæmt lögum um húsafríðun beri að leita álits húsafríðunarnefndar ríkisins um afdrif þess, en reiknað sé með að það verði varðveitt. Um 40 m austan við íbúðarhúsið séu merktar fornminjar, nr. 547:1-20, sem njóti hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014. Þar séu heimildir um bústað, útihús, leið, myllu, mókofa, stekk, smalakofa, fjárskýli, heytóft, vörður og sel. Byggingarreitur vegna mannvirkja sem tengist virkjun borhola sé í um 30 m fjarlægð frá þessum fornleifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendi á í fyrri umsögn sinni að í framkomnum gögnum væri stærð bygginga, þ. á m. hæð verksmiðjuhúsnaðis, nokkuð óljós og þar af leiðandi sjónræn áhrif þeirra og áhrif á landslag. Umhverfisstofnun benti í því sambandi á að verksmiðjuhúsnaðið kynni að verða nokkuð áberandi séð frá Þorlákshöfn og nágrannabæjum, þó svo að byggingunum yrðu valdir jarðlitir. Útsýni frá bæjum og frístundahúsum í nágrenni iðnaðarsvæðisins muni breytast til muna eftir framkvæmdirnar, enda muni byggingar skerða útsýni frá þeim húsum sem næst standa iðnaðarsvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar ófullnægjandi í umræddri tilkynningu. Nauðsynlegt væri að birta myndir þar sem afstaða bygginga væri sýnd til að hægt væri að meta hugsanleg sjónræn áhrif byggingarinnar.

Í svörum Almennu verkfræðistofunnar kemur fram að haldinn hafi verið fundur með fulltrúum Umhverfisstofnunar þar sem m.a. hafi verið fjallað um sjónræn áhrif. Niðurstaða fundarins hafi m.a. verið sú að fulltrúar framkvæmdaraðila myndu útbúa myndir, bæði ljósmyndir og þrívíddarmyndir þar sem fyrirhugað verksmiðjuhús verði sett inn á myndina eins og líklegt sé talið að það muni líta út.

Í síðari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunni hafi borist ofangreind gögn til skoðunar 2. og 3. apríl sl. Í ljósi þeirra er það mat stofnunarinnar að ekki séu líkur á að umrædd framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif.

Áhrif á vatnafar. Umhverfisstofnun telur að nauðsynlegt sé að þær ráðstafanir sem framkvæmdaraðili nefnir til að bæta fyrir rennslisminnkun í læknum frá lindunum við Hlíðarenda verði gerðar í samráði við landeigendur þeirra jarða sem land eiga að viðkomandi læk, auk þess sem þeim verði kynnt framkvæmdin og hugsanleg umhverfisáhrif hennar.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun benti á í fyrri umsögn sinni að umfjöllun um hljóðvist í tilkynningunni væri ábótavant. Frístundahús væru í 300-400 m fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu og ekki komi fram hvort eða á hvaða hátt framkvæmdir eða starfsemin muni hafa áhrif á hljóðvist í nágrenni við frístundahúsin. Umhverfisstofnun benti á að ferðatíðni flutningabíla væri áætluð um 250 bílar á viku, eða um 50 ferðir á dag. Gera þyrfti ítarlegri grein fyrir hugsanlegum ferðum flutningabíla innan þéttbýlis Þorlákshafnar og hvort sú aukning umferðar verði til þess að hávaði fari yfir leyfileg viðmiðunarmörk, sbr. ákvæði í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að á fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar hafi Almenna verkfræðistofan lagt fram gögn sem bendi til þess að hávaði frá umferð verði innan þeirra marka sem kveðið sé á um í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, bæði gagnvart sumarhúsum á svæðinu sem séu í 300-400 m fjarlægð frá vegi og gagnvart íbúðarhúsum að Litlalandi og Breiðabólstað sem séu í 200-300 m fjarlægð frá vegi. Viðmiðunargildi fyrir íbúðarhúsnæði annars vegar og sumarhúsabyggð hins vegar séu 55 dB(A) og 45 dB(A). Þá sé fyrirhugað að aðgreina umferð inn í Þorlákshöfn þannig að umferð að höfninni muni ekki fara um íbúðarbyggð. Hávaði frá aukinni umferð vegna flutninga frá fyrirhugaðri verksmiðju muni því lítil áhrif hafa nema í iðnaðarhverfi næst höfninni.

Í síðari umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að stofnunin telur að sýnt hafi verið fram á með framangreindum upplýsingum að tryggt verði að hljóðvist verði innan þeirra marka sem getið er um í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða og gerir því ekki athugasemdir við áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins vekur athygli á að stofnunin hafi kannað fyrirhugað framkvæmdasvæði, m.a. með vettvangsferð. Um 50 m norðvestur af íbúðarhúsinu að Hlíðarenda sé lítil tóft sem sé innan þess svæðis sem afmarkað sé sem byggingarreitur fyrir mannvirki tengdum framkvæmdinni. Ef fyrirséð verði að tóftin raskist vegna fyrirhugaðra framkvæmda þurfi að staðsetja hana með GPS mælingu, mæla hana upp og teikna. Nýlega hafi verið gert plan austan og norðan við íbúðarhúsið og hola verið boruð í jaðri plansins, 12 m frá íbúðarhúsinu. Ef frekara jarðrask verði í næsta nágrenni íbúðarhússins telur Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdunum. Komi leifar mannvirkja eða mannvistar í ljós þurfi að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um fundinn sem þá ákveður hvort frekari rannsókn er þörf, sbr. 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Fornleifavernd ríkisins álitur að fyrir liggi nægar upplýsingar um fornleifar á framkvæmdasvæði fyrir vinnslu grunnvatns vegna vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda en að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar sé nokkuð óviss. Að því gefnu að ofangreindum skilyrðum stofnunarinnar um skráningu tóftar og eftirlit verði fullnægt telur Fornleifavernd ríkisins að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við umsögn Fornleifaverndar ríkisins.

Áhrif á núverandi landnotkun - vatnsvernd. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að farin hafi verið vettvangsferð og hafi eftirlitið kynnt sé staðhætti og geri ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir, enda verði farið að reglum varðandi fráveitu, vatnsveitu og starfsleyfissskyldu í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við framkvæmdina verði fylgt þeim lögum og reglum sem vísað sé til í umsögninni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða vinnslu grunnvatns og byggingu átöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Um er að ræða svæði þar sem fyrrum var búskapur en er í dag nýtt sem beitiland. Með tilkomu mannvirkja á borð við verksmiðju mun að mati Skipulagsstofnunar ekki verða komist hjá því að sjónræn áhrif og áhrif mannvirkja verði nokkur á lítt snortið landslag. Skipulagsstofnun telur að með hönnun og litavali megi draga úr sjónrænum áhrifum verksmiðjubyggingarinnar.

Áhrif á vatnafar. Fyrir liggur að við vinnslu grunnvatns úr lindum mun rennsli minnka í læk sem hluti lindarvatnsins við Hlíðarenda rennur í við núverandi aðstæður. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila eru áform um að vinna vatn úr hrauninu innan verksmiðjusvæðisins og dæla í lækinn til að viðhalda náttúrulegu rennslismagni. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana í samráði við landeigendur þeirra jarða sem land eiga að viðkomandi læk, auk þess sem þeim verði kynnt framkvæmdin og hugsanleg umhverfisáhrif hennar. Að því gefnu að framkvæmdaraðili tryggi óbreytt rennsli í læknum miðað við náttúrulegar aðstæður telur Skipulagsstofnun að áhrif vatnsvinnslunnar á vatnafar verði ekki verulega neikvæð.

Áhrif á hljóðvist. Fyrir liggur að reikna megi með um 250 ferðum flutningabifreiða vikulega vegna vatnsflutninga til Þorlákshafnar. Samkvæmt gögnum um hljóðvistarmælingar, sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, verður hljóðstig við íbúðarhúsnæði og sumarhúsabyggð innan við viðmiðunarmörk skv. reglugerð um hávaða. Skipulagsstofnun telur engu að síður óhjákvæmilegt að nokkuð ónæði hljótist af þessum flutningum við íbúðarbyggð að Litlalandi og Breiðabólstað og við sumarhús á svæðinu en að ekki verði um verlega neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsstofnun bendir á að ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 þar sem fram kemur t.a.m. að viðmiðunargildi fyrir hávaða vegna atvinnustarfsemi utan við jarðhæð í íbúðarbyggð skuli ekki fara yfir 50 dB milli kl. 7-18, 45 dB(A) milli kl. 18-23 og á helgidögum og 40 dB(A) milli kl. 23-7. Skipulagsstofnun telur að áhrif á hljóðvist í íbúðarbyggð í Þorlákshöfn vegna væntanlegra efnisflutninga verði ekki veruleg í ljósi þess að til stendur að aðgreina umferð inn í Þorlákshöfn þannig að umferð að höfninni muni ekki fara um íbúðarbyggð.

Áhrif á menningarminjar. Fyrir liggur að byggingarreitur fyrir mannvirki tengdum framkvæmdinni nær að íbúðarhúsinu að Hlíðarenda en samkvæmt lögum um húsafriðun skal leita álits húsafriðunarnefndar ríkisins ef hrófla á við því. Auk þess er gömul tóft innan byggingarreitsins. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um að skrá þurfi tóftina ef fyrirséð er að hún raskist auk þess sem fornleifafræðingur verði fenginn til eftirlits ef ráðast þarf í frekara jarðrask í næsta nágrenni íbúðarhússins. Með hliðsjón af þessum ábendingum Fornleifaverndar ríkisins sem framkvæmdaraðili hefur ekki gert athugasemdir við telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Almennu verkfræðistofunnar f.h. Icelandic Water Holding ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að vinnsla grunnvatns fyrir vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingar- og framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en byggingar- og framkvæmdaleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 og samþykkt deiliskipulag. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Skipulagsstofnun vill einkum í þessu sambandi leggja áherslu á að tryggja þarf rennsli í læknum frá lindunum við Hlíðarenda þannig að aðrir notendur geti nýtt sér vatn úr læknum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. júní 2007.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson